

VORRÁÐSTEFNA VÖRUSTJÓRNUNARFÉLAGSINS 2017

Yfirskrift ráðstefnunnar er:

VÖRUSTJÓRNUN - Lykill að aukinni framleiðni?

Þriðjudaginn 30. maí fer fram Vorráðstefna Vörustjórnunarfélagsins 2017
á Grand Hótel í Reykjavík.

Á ráðstefnunni mun einvalalið fyrirlesara með innsýn í ólíkar greinar aðfangakeðjunnar beina sjónum sínum að mikilvægum álitamálum sem eiga það sameiginlegt **að lúta að framförum í vörustjórnun og framleiðni á íslenskum markaði**. Það á sér stað mikil og ör þróun í málaflokknum á heimsvísu og **íslensk fyrirtæki eiga mikið undir því að nýta þau tækifæri sem gefast til framþróunar á þessu sviði**.

Um er að ræða **lykilráðstefnu ársins í vörustjórnunarmálum** og það er von okkar að einstaklingar og fyrirtæki sem hafa hagsmuni að gæta láti ráðstefnuna ekki framhjá sér fara.

Húsið opnar kl. 8.15 með skráningu, kaffi og bakkelsi en dagskráin hefst stundvíslega kl. 8.45 og stendur til 12.15. Upplýsingar um dagskrána og efni erinda er að finna í meðfylgjandi auglýsingu.

Þátttökugjald er 29.900 kr. en félagar í Vörustjórnunarfélaginu fá 20% afslátt og greiða 23.900 kr. fyrir sætið.

SKRÁNING: Með tölvupósti á pósthfangið skraning@logistics.is. Vinsamlegast takið fram full nöfn og kennitölur, ásamt fyrirtæki eða stofnun eftir því sem við á.


Við hlökkum til að sjá ykkur,

Stjórn Vörustjórnunarfélags Íslands.

Um Vörustjórnunarfélag Íslands

Vörustjórnunarfélagið hefur það að markmiði að kynna og auka skilning á nauðsyn markvissar vörustjórnunar og vera vettvangur fyrir faglega umræðu um málefni hennar auk þess að skapa félagsmönnum vettvang fyrir samskipti og tengsl. Vörustjórnunarfélagið heldur úti heimasíðunni Logistics.is og stendur fyrir fyrirtækjaheimsóknum, morgunfundum, námskeiðum og miðlun efnis á sviði vörustjórnunar.

Stjórn Vörustjórnunarfélagsins skipa: **Kristján M. Ólafsson**, formaður – Framkvæmdastjóri Innkaupa og Varahluta hjá Heklu / **Gunnar Stefánsson**, varaformaður – Prófessor í Vöru- og flutningastjórnun við Háskóla Íslands / **Benedikt Hauksson**, gjaldkeri – Framkvæmdastjóri GS1 Ísland / **Thomas Möller** – Framkvæmdastjóri Rýmis ehf. / **Árni Stefánsson** – Forstjóri Húsasmiðjunnar / **Guðmundur Oddgeirsson** - Framkvæmdastjóri Hýsing – Vöruhótel / **Gunnar Már Magnússon** – Birgðastýring og Greiningar hjá BYKO / **Jóhanna Þ. Jónsdóttir** – Framkvæmdastjóri aðfangakeðju hjá Innes ehf.



Vörustjórnunarfélag Íslands
www.logistics.is

VORRÁÐSTEFNA VÖRUSTJÓRNUNARFÉLAGSINS 2017

VÖRUSTJÓRNUN: Lykill að aukinni framleiðni?

Á Grand Hótel - 30. maí 2017

DAGSKRÁ:

Húsið opnar kl. 8.15 með skráningu gesta, kaffi og bakkelsi.

Kl. 8.45 – Setning – **Ólafur Stephensen**, fundarstjóri - Framkvæmdastjóri FA

Kl. 8.50 – Mikilvægi vörustjórnunar – **Kristján M. Ólafsson**, formaður
Vörustjórnunarfélagsins

Kl. 9.00 – Aukin framleiðni er forsenda lífskjarabata – **Halldór Benjamín Þorbergsson**, framkvæmdastjóri SA

Kl. 9.15 – Verðsamanburður milli landa – **Þórarinn Ævarsson**, framkvæmdastjóri IKEA á Íslandi

Kl. 9.35 – Hvað þarf til að ná árangri? – Stjórnun veltufjár og samspil aðila í aðfangakeðjunni – **Sigurður Hjalti Kristjánsson**, ráðgjafi hjá Capacent

Kl. 9.55 – Aðfangakeðja Krónunnar – **Bjarni Friðrik Jóhannesson**, Business Controller hjá Festi hf. & **Guðrún Anna Pálsdóttir**, deildarstjóri vörustýringar hjá Krónunni


Kl. 10.20 – Kaffihlé

Kl. 10.40 – High Productivity Solutions for Warehouses – **Hans Ekström**, SSI Schäfer

Kl. 11.15 – Frá vöruþróun til viðskiptavinar – **Guðbjörg Heiða Guðmundsdóttir**, Innovation Manager hjá Marel hf.

Kl. 11.35 – Vörustjórnunarkostnaður – staðreyndir og samanburður – **Gunnar Stefánsson**, Prófessor í vöru- og flutningastjórnun við Háskóla Íslands

Kl. 11.50 – Vörustjórnun frá sjónarhóli iðnaðarins – **Guðrún Hafsteinsdóttir**, Kjörís og formaður Samtaka Iðnaðarins.



Vörustjórnunarfélag Íslands
www.logistics.is